

SÁLF2AA05

Sálfræði 1. Almenn sálfræði

Þrep: 2. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er byrjunaráfangi á öðru þrepi í sálfræði og er enginn undanfari að honum. Hann er hins vegar nauðsynlegur undanfari að öllum öðrum áföngum í sálfræði.

Kennsla: Áfanginn er kenndur á haustönn og vorönn.

Undanfarar: Enginn undanfari.

Stutt lýsing á áfanganum: Kynning á sálfræði sem fræðigrein. Áhersla lögð á að nemendur læri um ólík sjónarmið sálfræðinnar, meðal annars líffræðilega sálfræði, hugræna sálfræði og námssálfræði. Fjallað er um ýmis viðfangsefni innan sálfræðinnar eins og minni og mótun hegðunar, heilann og geðraskanir. Einnig eru helstu rannsóknaraðferðir kynntar.

Nokkur lykilhugtök áfangans : Líffræðileg sálfræði, geðraskanir, geðklofi, taugaboðefni, hugræn sálfræði, minni, skammtímaminni, langtímaminni, aðferðarminni, námssálfræði, atferlismótun, viðbragðsskilyrðing, virk skilyrðing, sálgreining, mannúðarsálfræði, tilraun, frumbreyta, fylgibreyta, samsláttarbreyta.

Námsmat: Tilraunarskýrsla, rannsóknarverkefni, tímaverkefni, tímapróf og lokapróf.

Námsefni: Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. (2003/2005). Almenn sálfræði: hugur, heili, hátterni. Reykjavík: Mál og menning.